# Aðildar-viðræður Íslands við ESB

ALÞJÓÐAMÁLA-
STOFNUN
HÁSKÓLI ÍSLANDS

# LANDBÚNAÐAR OG BYGGÐAMÁL

# Staða viðræðna

- Landbúnaðarmál
  - Umfangsmikill málaflokkur innan ESB og stærsti útgjaldaliður sambandsins
  - Kaflinn ekki opnaður en mikil undirbúningsvinna farið fram
  - Niðurstöður rýnivinnu beggja aðila liggja fyrir
    - Aðilar sammála um sérstöðu og þörf fyrir sérlausnir
  - Aðgerðaáætlun birt en samningsafstaða ekki kláruð fyrir hlé
- Byggðamál
  - Næst hæsti útgjaldaliður sambandsins
  - Samningsafstaða Íslands liggur fyrir
    - Áhersla á einangrun, strjálbýli, einhæft og sveiflukennt atvinnulíf og erfiða staðhætti
    - Krafa sett fram um að Ísland verði skilgreint sem “ysta svæði” (outermost region)
  - Nýlegar breytingar á regluverki byggðamála innan ESB auðvelda mjög að koma til móts við kröfur Íslands

# Landbúnaðarmál innan ESB

- Sameiginlegur innri markaður með matvæli
- Tvær meginstoðir sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar CAP
  - Stoð 1: Framleiðslustuðningur
    - Markaðsstuðningur
      - Markaðsíhlutun, markaðssetning og framleiðslustaðlar, viðskipti við þriðju ríki og samkeppnismál
    - Beinar greiðslur
      - stuðningskerfi frátengd framleiðslu, framleiðslutengdan stuðning, samtengd greiðsluskilyrð (e. *cross compliance) og opinbera umsýslu*
  - Stoð 2: Dreifbýlisþróun
    - Starfsemi dreifbýlisþróunarsjóða
      - Endurmenntun bænda, nýliðun, fjárfestingastyrkir, nýsköpun, vöruþróun, búháttabreytingar...

# Einkenni íslensks landbúnaðar

- Einhæf framleiðsla
- Umfamgsmikill stuðningur
- Stuðningur að mestu framleiðslutengdur
  - Kvótakerfi í mjólkurframleiðslu
  - Stuðningur háður framleiðslu í nautgriparækt, sauðfjárrækt og grænmetisframleiðslu
- Umfangsmikil markaðsvernd
- Lítil jarðrækt önnur en túnrækt (miðað við evrópulönd)
- Lág framleiðni lands
  - Jarðræktarstuðningur óhentugur sem meginstuðningsform

# Íslenskur landbúnaður og stoð 1 í CAP

- Búskaparhættir og staða landbúnaðar svipuð öðrum evrópulöndum
- Vandamál
  - Afnám markaðsverndar
  - Afnám kvótakerfis í mjólkurframleiðslu
  - Fráhvarf frá framleiðslutengdum stuðningi
  - Afnám opinberrar verðlagningar
  - Afnám undanþága frá samkeppnislögum
  - Innflutningur lifandi dýra
  - Breytingar á innflutningstollum frá þriðja ríki
- Möguleikar
  - Gildandi heimildir til framleiðslutengds stuðnings
  - Stuðningur fjármagnaður af íslenska ríkinu (sjá einnig stoð 2)
  - Ísland sem "ysta svæði"

# Íslenskur landbúnaður og stoð 2 í CAP

- Vísir að svipuðu kerfi þegar til í Framleiðnisjóði landbúnaðarins
- Umtalsverð tækifæri í verkefnum sem slíkir sjóðir styrkja
- Aukinn stuðningur til finnskra bænda að stórum hluta í stoð 2
  - Harðbýlisgreiðslur sem leggjast ofaná aðrar greiðslur
- Tímabundin leyfi til aukins stuðnings á grundvelli aðstæðna
  - Hve tímabundin fer þó eftir hve tímabundnar aðstæðurnar eru

# Átakalínur í samningum

1. Hve stóran hluta af landbúnaðarstuðningi til íslenskra bænda má tengja framleiðslu?
    - Fordæmi um lausnir og skilningur á viðfangsefninu hjá viðsemjendum
2. Hve hár verður heildarstuðningurinn?
    - Mun erfiðara. Án sérlausna er þetta mun lægri upphæð en íslenskir bændur fá í dag
    - Dæmi um umtalsverð frávik í samningum einstakra ríkja
    - Meira svigrúm ef Ísland yrði skilgreint sem “ysta svæði”
        - Undanþegin öllum helstu reglum um beingreiðslur
        - Ekkert ríki fengið slíka flokkun (þó bæði Malta og Kýpur hafi óskað eftir því)
3. Hve stóran hluta af heildarstuðningnum mun ESB greiða?
    - Takmarkað samningsrými
    - Fordæmi um stuðning til bænda innan ESB langt innan þess stuðnings sem íslenskir bændur fá í dag

# Matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði

- Ísland hefur nú þegar tekið upp flestar reglur ESB
- Undantekningar
  - Innflutningur lifandi dýra
    - Mundi byggja á vísindalegu mati á áhættu – sem liggur fyrir (skýrsla dr Preben Willaberg)
  - Innflutningur á fersku kjöti
    - Háð réttlætingu
  - Innflutningur gæludýra
  - Einstaklingsmerkingar sauðfjár
  - ...

  - Almennt vísað til séraðstæðna og langvarandi einangrunar landsins

# Byggðamál

- Samningsafstaða Íslands
  - Lögð áhersla á sérstöðu vegna mannfæðar, strjálbýlis, einangrunar og erfiðra staðhátta

1. Ísland skilgreint sem “ysta svæði” (tengist mjög umfjöllun um landbúnaðarmál)
2. Viðbótarfjárfestingar og viðbótarstuðningur vegna þess að landið allt flokkast sem strjálbýlt (skilgreint sem 8 íbúar/$km^2$ - en á Íslandi búa að meðaltali 3 íbúar/$km^2$)
3. Formleg viðurkenning Íslands sem eyríkis
4. Sveigjanleiki úthlutana vegna sérstakra aðstæðna
5. Sérsamningar um viðmiðunarár vegna sveiflna í efnahagsástandi
6. Stuðningur við viðbrögð vegna óvenju tíðra náttúruhamfara

- Aukin áhersla á norðurslóðir, strálbýl svæði og eyríki í byggðamálum innan ESB styður möguleika á að koma til mót við kröfur Íslands

# Að lokum

- Landbúnaður
  - Umfang og form stuðnings við íslenskan landbúnað falla illa að CAP
  - Dæmi eru um undanþágur frá sumu af því sem takast hefði þurft á við
  - Niðurstaða fyrir hefðbundinn landbúnað bæði háð möguleikum á undanþágum sem og vilja stjórnvalda til að fjármagna þær
- Matvælaöryggi
  - Umtalsverðar kröfur um undanþágur
  - Mögulegar ef röksemdafærsla stenst kröfur
- Byggðamál
  - Umtalsverðir möguleikar á fjárframlögum vegna sérstöðu Íslands í ljósi áherslubreytinga innan málaflokksins hjá ESB



ALÞJÓÐAMÁLA-
STOFNUN
HÁSKÓLI ÍSLANDS